

P 141 ehf.
B.t. forsvarsmaður
Gröf
356 Snæfellsbær

Akureyri, 13. maí 2024
Tilvísun: M24040438 / 10.01 Dagektir
Ákvörðun nr. 16/2024

Efni: Ákvörðun um álagningu dagekta

Ferðamálastofa vísar til bréfs frá 19. apríl sl. þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða álagningu dagekta þar sem stofnuninni hafði ekki borist gögn frá ferðaskrifstofunni vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga fyrir árið 2024.

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagekta á félagið P 141 ehf., kt. 5401140720.

P 141 ehf. hefur ekki lagt fram gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2024 eins og skylt er samkvæmt lögum. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagektir á ferðaskrifstofuna kr. 50.000,- frá og með 28. maí næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.

Dagektir munu leggjast á kr. 50.000,- fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tilskilinna gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins.

Málsatvik

Þann 1. apríl sl. rann út lögbundinn frestur til að skila inn gögnum vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa skv. 6. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021 sbr. 3. mgr. 25 gr. a. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018. Áminning um skilin var send í tölvupósti frá Ferðamálastofu þann 22. febrúar sl. og á ný 20. mars sl. Skilin voru ítrekuð enn á ný með tölvupósti þann 8. apríl sl. Jafnframt var upplýst að Ferðamálastofa myndi leggja dagektir á allar ferðaskrifstofur sem ekki hafi skilað viðeigandi gögnum. Þann 18. apríl barst Ferðamálastofu tölvupóstur frá forsvarsmanni félagsins sem upplýsti að bókarí félagsins gæti klárað vinnu við gögnin í maí og engar ferðir áætlaðar fyrr en í júní.

Þann 19. apríl sl. sendi Ferðamálastofa formlega tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagekta þar sem félagið hafði ekki skilað þeim gögnum sem lög gera áskilnað um. Veittur var frestur til 3. maí sl. til að bæta úr annmörkum og skila inn gögnum vegna endurmatsins. Enn fremur var tilgreint að dagektir yrðu lagðar á ef gögnum yrði ekki skilað. Þann 2. maí. sl. minnti Ferðamálastofa á með tölvupósti að frestur til skila væri að renna út. Þann 7. maí sl. barst Ferðamálastofu á ný tölvupóstur frá forsvarsmanni félagsins sem upplýsti að gögnin ættu að berast í vikunni. Ferðamálastofa hefur enn ekki mótttekið gögn frá ferðaskrifstofunni.



Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna um tryggingar ferðaskrifstofa. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

Ákvörðun

P 141 ehf. hefur ekki lagt fram gögn vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar ferðaskrifstofunnar fyrir árið 2024.

P 141 ehf. skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar skila gögnum fyrir ferðaskrifstofuna vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa fyrir árið 2024 eins og skylt er samkvæmt lögum. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð kr. 50.000,- á dag þar til gögnum hefur verið skilað.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til ráðherra innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn.

Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Helena Þ. Karlsdóttir forstm. Stjórnsýslusviðs